

EFTIRLITSSKÝRSLA

HULA bs. Skógasandur



Dags eftirlits	1.7.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	HULA bs.	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Hlíðarvegur 16	Tegund eftirlits	Fyrirvaralaust
Kennitala	4306972269	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þorbjörg Gísladóttir	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	475089,819 332611,967

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrirvaralaust eftirlit þar sem að magntölur móttekens úrgangs til urðunar í Mýrdalshrepp fyrir árið 2019 bentu til þess tekið hefði verið á móti úrgangi umfram heimild starfsleyfis Hulu að Skógarsandi.

Eitt frávik var skráð varðandi móttöku úrgangs umfram heimild starfsleyfis Hulu að Skógarsandi og einni ábendingu komið á framfæri varðandi skráningar á magntölum úrgangs.

UMFANG EFTIRLITS

Í eftirlitinu kom fram að í magntölum úrgangs sem skilað var í gagnagátt Umhverfisstofnunar í maí sl. voru skráð 58 tonn af dýrahraejum til urðunar, 107 tonn af blönduðum heimilisúrgangi, 307 tonn af blönduðum óskilgreindum úrgangi og 279 tonn af blönduðum byggingarúrgangi. Urðun dýrahraejana var samkvæmt tímabundinni undanþágu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 29. ágúst 2019. Samtals eru um 693 tonn af öðrum urðuðum úrgangi árið 2019 en starfsleyfi Hulu heimilar urðun upp að 400 tonnum á ári. Í eftirlitinu sagði rekstraraðili að hluti af þessum skráningum eigi við um jarðefni sem notuð eru til landmótunar á urðunarstað að Uxafótarlæk en ekki liggur fyrir hversu mikið magn það var. Sambærilegt frávik var skráð í eftirliti 2019 varðandi móttekin úrgang til urðunar árið 2018 og var samþykkt úrbótaáætlun vegna þess með bréfi 13. desember 2019. Sú áætlun hefur ekki gengið eftir þar sem að magn móttekens úrgangs til urðunar hefur ekki dregist saman á árinu 2019 og enn verulega umfram heimild starfsleyfisins.

Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila hefur sveitarfélagið unnið að bættri flokkun í sveitarfélaginu. Flokkun hófst um áramótin 2019 og bætt var við flokkun lífræns úrgangs í ársbyrjun 2020.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðnum að Uxafótarlæk en þar voru ummerki um að tekið hefði verið á móti óvirkum steinefnum og jarðefnum til landmótunar. Einnig var farið í skoðunarferð á urðunarstað Hulu. Ekki var tilefni til athugasemda við framkvæmd urðunarinnar. Grafin er rein fyrir úrganginn og dýpri hola fyrir hvern og einn farm sem svo er mokað yfir með sandi.

Frávik frá

Lýsing á frávik

Grein 1.1 í starfsleyfi

Heimilt er að taka á móti 400 tonnum af úrgangi á ári á urðunarstað Hulu en skv. upplýsingum sem skilað var í gagnagátt (magntölur úrgangs) var samtals tekið við 693 tonnum til urðunar árið 2019, fyrir utan urðun dýrahraeja. Skv. rekstraraðila var farið með hluta þessa úrgangs til landmótunar á urðunarstað að Uxafótarlæk.

ÁBENDINGAR

Skrá skal magntölur úrgangs fyrir hvern og einn förgunarstað úrgangs í gagnagátt Umhverfisstofnunar fyrir 1. maí árlega. Á síðasta ári skráði Mýrdalshreppur magntölur fyrir sveitarfélagið í heild og vantar því upp á að skráningarnar sýni hvað fór til urðunar á hvorum urðunarstað (Hulu að Skógarsandi og Uxafótarlæk við Vík).

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 17.12.2020


Halla Einarssdóttir

